

**3178. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
14. apríl 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1602030 - Fundargerðir 2016 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**
134. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 4. apríl 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**
25. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 23. febrúar 2016.
26. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 12. apríl 2016.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
3. **1604096 - Kvikmyndahátíð á Akranesi**
Kynntar hugmyndir um kvikmyndahátíð á Akranesi.
Ingibjörg Pálmadóttir og Ingibjörg Valdimarsdóttir víkja af fundi undir þessum lið.
4. **1604099 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2015 - A hluti**
Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2015 - A hluti
1.1 Aðalsjóður
1.2 Eignasjóður
1.3 Byggðasafn
1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.
Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 200,3 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 141,9 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.
Lykiltölur:
Skuldahlutfall er 104% en var 116% árið 2014.
Skuldaviðmið er 75% en var 86% árið 2014.
Veltufé frá rekstri er 13,4% en var 16,5% árið 2014.
Framlegð er 6,6% en var 6,9% árið 2014.

Bæjarráð staðfestir ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. verði samþykktir.

5. 1604100 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2015 - B hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2015 - B hluti

2.1 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.

2.2 Gáma

2.3 Háhiti ehf.

2.4 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili.

Rekstrarniðurstaða B-hluta var neikvæð um 125,1 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 90,3 mkr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

Bæjarráð staðfestir ársreikning Gámui með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis verði samþykktir.

6. 1604101 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2015 - samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2015.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar var jákvæð um 75,1 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 51,5 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Skuldahlutfall er 116% en var 126% árið 2014.

Skuldaviðmið er 84% en var 91% árið 2014.

Veltufé frá rekstri er 11,9% en var 14,7% árið 2014.

Framlegð samstæðunnar er 4,3% en var 4,2% árið 2014.

Bæjarráð staðfestir samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn að reikningurinn verði samþykktur.

7. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2016 endurskoðaða fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun og óskar eftir samþykkt bæjarráðs.

Heildarupphæð fjárfestinga og framkvæmda er orðin 513,4 mkr. í stað 437,4 mkr. sem samþykktar voru í bæjarstjórn 15.12.2015.

Helstu breytingar varða færanlega kennslustofu við Grundaskóla, endurnýjun á gervigrasi á völlum við Grundaskóla og Brekkubæjarskóla, framkvæmd við kirkjugarð og endurnýjun bifreiðar á Höfða.

Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að leggja fram greinargerð um stöðu verkefna áður en endanleg afstaða verður tekin til áætlunarinnar.

8. 1512115 - Gjaldskrár 2016

Gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum ásamt gjaldskrá Tjaldsvæðisins í Kalmansvík lagðar fram til samþykktar.

Ingibjörg Valdimarsdóttir vísar af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá Tjaldsvæðisins í Kalmansvík.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá Byggðasafnsins í Görðum.



9. 1604072 - FVA Guesthouse, Vogabraut 4 - rekstrarleyfi

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar EIH ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, gistiheimili, sem reka á að Vogabraut 4, 300 Akranesi.

Ingibjörg Valdimarsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

10. 1604077 - Akranes hostel - rekstrarleyfi

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar EIH ehf. um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, gistiheimili, sem reka á að Suðurgötu 32, 300 Akranesi.

Ingibjörg Valdimarsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

11. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Erindi velferðar og mannréttindaráðs um tillögur að fulltrúum í starfshópi um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

*Bæjarráð samþykktir að eftirfarandi fulltrúar verði skipaðir í starfshópinn:
Einar Brandsson, formaður
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir
Ingibjörg Pálmadóttir
Gunnhildur Björnsdóttir*

12. 1604053 - Vitinn - félag áhugaljósmyndara - samningur við Akraneskaupstað

Endurnýjun samnings við Vitann, félag áhugaljósmyndara á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir endurnýjun samstarfsamnings við félag áhugaljósmyndara á Akranesi og felur bæjarstjóra úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

13. 1604118 - Tónlistar og menningarhús

Erindi Carmenar Jóhannsdóttur dags. 31. mars 2016 varðandi tónlistar og menningarhús á Akranesi.

Bæjarráð tekur vel í erindið og býður Carmen á fund ráðsins til að veita frekari upplýsingar.

EA

14. 1603152 - Ungmennamót í Bamble í Noregi 2016 og vinabæjarmót á Akranesi 2017

Á fundi bæjarráðs þann 31. mars sl. var bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um styrkumsókn Norræna félagsins á Akranesi vegna Ungmennamóts í Bamble í Noregi 2016 og vegna vinabæjarmóts á Akranesi árið 2017 og liggja þær upplýsingarnar nú fyrir.

Bæjarráð samþykkir kr. 300.000 til Norræna félagsins á Akranesi vegna þátttöku í ungmennamóti vorið 2016. Jafnframt samþykkir bæjarráð að hefja viðræður við félagið um undirbúning vinabæjarmóts á Akranesi sem fyrirhugað er á árinu 2017.

Fjármununum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

15. 1603104 - Kalmansvellir 1 - kaup/leiga

Erindi Örlygs Stefánssonar f.h. Björg fasteignafélag ehf. dags. 14. mars 2016, þar sem vakin er athygli bæjarráðs á að Kalmansvellir 1 eru fánlegir til leigu eða kaups.

Lagt fram.

16. 1604062 - HVE - ástand gatna hjá Akraneskaupstað

Erindi starfandi sjúkraflutningsmanna á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi um ástand gatna hjá Akraneskaupstað.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og umhverfissráðs með tilliti til forgangsröðunar í gatnaframkvæmdum. Bæjaráð tekur undir mikilvægi þess að lagfæra gatnakerfið á Akranesi og stefnt er að frekari fjárfestingu á allra næstu árum.

17. 1604128 - Markaður á Akratorgi

Kristbjörg Traustadóttir óskar eftir aðstöðu á Akratorgi í sumar fyrir markað.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfissráðs.

18. 1501353 - Fjölmiðlavaktin - grunnskýrslur

Grunnskýrsla Fjölmiðlavaktarinnar fyrir Akraneskaupstað árið 2015.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

19. 1601446 - Kvikmyndataka á Akranesi - Truenorth ehf.

Dreifibréf til íbúa í nágrenni Sementsreit frá True North.

Lagt fram til kynningar.

20. 1603140 - Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2016

Í bréfi dags. 22. mars 2016 óskar Klúbburinn Geysir, sem rekur endurhæfingarúrræði fyrir geðsjúka, eftir rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað að fjárhæð kr. 100.000.

Velferðar- og mannréttindaráð tók jákvætt í erindið á fundi sínum þann 6. apríl sl. og vísaði því til afgreiðslu bæjarráðs.

Bæjarráð þakkar erindið en vísar því til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2017.

21. 1604102 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - aðalfundur 2016

Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ásamt ársreikningi og ársskýrslu.

Lagt fram.


22. 1603145 - Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög - aðalfundur 2016

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn þann 18. apríl næstkomandi. Fyrir liggur dagskrá fundarins ásamt tillögum stjórnar til arðgreiðslna og endurskoðun áhættustefnu OR 2015.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 31. mars að bæjarstjóri myndi mæta f.h. Akraneskaupstaðar á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:48.


Engibjörg Valdimarsd.
Tugbjörg Þórunn
Vilborg P. Guðbjartsd.
Steinn Alþjóð
Valdis Eyrjólfsdóttir
Ragnheiður Ásvaldsson